

YFIRTÖKUTILBOÐ TIL HLUTHAFA Í SKIPTUM

Exista býður hluthöfum Skipta að kaupa hluti þeirra í félaginu

Pann 19. mars 2008 tilkynnti Exista hf. („Exista”) að það hefði ákveðið að gera öðrum hluthöfum Skipta hf. („Skipti”) tilboð í hluti þeirra í félaginu.

Tilboðið er valfrjálst yfirtökutilboð samkvæmt 101. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 (hér eftir nefnd „VVL”) og um það gilda X. og XI. kafli laganna. Hljóðar yfirtökutilboðið upp á 6,64 krónur fyrir hvern hlut í Skiptum í samræmi við þá skilmála og skilyrði sem fram koma í tilboðs-yfirlitinu.

Exista á nú 43,68% hlutafjár í Skiptum í gegnum dótturfélög sín, Exista B.V. (43,65%), Vátrygginga-félag Íslands hf. (0,02%) og Líftryggingafélag Íslands hf. (0,01%).

Tilboðshafar

Tilboðið nær til allra hluta í Skiptum sem ekki eru þegar í eigu Exista og dótturfélaga þess eða teljast til eigin hluta Skipta, sama dag og tilboðið er gert. Tilboðið mun einnig ná til þeirra hluta sem Skipti hafa skuldbundið sig til að gefa út í tengslum við kaup á fyrirtækjum, sbr. XVIII. kafla tilboðsyfirlitsins. Hluthafar sem skráðir eru í hlutaskrá Skipta við lokun viðskipta miðvikudaginn 26. mars 2008 munu fá sent tilboðsyfirlitið, samþykkiseyðublað og svarsendingarumslag.

Framangreind skjöl eru einnig aðgengileg hjá fyrirtækjaráðgjöf Kaupþings banka hf., Borgartúni 19 í Reykjavík. Einnig er hægt að nálgast tilboðsyfirlitið á heimasíðu Kaupþings banka hf., <http://www.kaupthing.is>, og í gegnum fréttakerfi OMX Nordic Exchange Iceland hf. („OMX ICE”), <http://www.omxgroup.com>.

Umsjónaraðili

Fyrirtækjaráðgjöf Kaupþings banka hf. („Kaupþing”) hefur umsjón með yfirtökutilboðinu fyrir hönd Exista. Nánari upplýsingar veita ráðgjafar bankans í síma 444 7000.

Tilboðsverð og greiðsla

Verð samkvæmt yfirtökutilboði þessu er 6,64 krónur fyrir hvern hlut í Skiptum, kvaða- og veðbandalaus. Greitt verður fyrir hlutina með hlutabréfum í Exista þar sem hver hlutur í Exista er verðlagður á 10,1 krónu, sem var lokagengi þeirra í kauphöll 18. mars 2008, daginn fyrir tilkynningu um að yfirtökutilboð væri væntanlegt. Skiptigengið er því 0,6574 hlutir í Exista fyrir hvern hlut í Skiptum. Verði fjöldi hluta sem tilboðshafi á rétt á að fá afhentan ekki heil tala verður námundað upp í næstu heilu tölu fyrir ofan.

Gildistími

Gildistími yfirtökutilboðsins er frá kl. 9 árdegis þann 31. mars 2008 til kl. 4 síðdegis þann 26. maí 2008. Samþykki við yfirtökutilboðinu verður að hafa borist til Kaupþings eigi síðar en kl. 4 síðdegis þann 26. maí 2008. Hluthafar bera sjálfir ábyrgð á að samþykkiseyðublaðið hafi borist til Kaupþings. Exista áskilur sér einhliða rétt til að ákveða hvort samþykkiseyðublað sem berast eftir að gildistími tilboðsins rennur út verði tekin gild. Yfirtökutilboðið getur verið framlengt að því marki sem heimilt er samkvæmt VVL.

Taka úr viðskiptum

Ef tilboðið nær fram að ganga munu Skipti ekki lengur uppfyllas skilyrði um lágmarksdreifingu á eignarhaldi. Mun Exista þá fara fram á það við stjórn Skipta að hún óski eftir því að hlutabréf Skipta verði tekin úr viðskiptum af aðalmarkaði OMX ICE.